

Nd.

252. Nefndarálit

[136. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 18. maí 1978, um Iðntæknistofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

Á fundi sínum í dag voru nefndarmenn í iðnaðarnefnd sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Tveir nefndarmanna, þeir Gunnar Thoroddsen og Jósef H. Þorgeirsson, skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

Nefndin leitaði eftir að fá umsögn stjórnar Iðntæknistofnunar Íslands um frumvarpið og fylgir sú umsögn þessu nefndaráliti.

Alþingi, 19. des. 1978.

Kjartan Ólafsson,  
form., frsm.

Árni Gunnarsson,  
fundaskr.

Eðvarð Sigurðsson.

Gunnar Thoroddsen,  
með fyrirvara.

Jósef H. Þorgeirsson,  
með fyrirvara.

Ingvar Gíslason.

Gunnlaugur Stefánsson.

#### Fylgiskjal.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41 18. maí 1978,  
um Iðntæknistofnun Íslands.

Formaður iðnaðarnefndar hefur í dag óskað eftir umsögn stjórnar Iðntækni-  
stofnunar um ofangreint frumvarp.

Þar sem óskað er eftir svari samdægurs gefst ekki tækifæri til að boða til fundar stjórnar af þessu tilefni. Þess má hins vegar geta, að frumvarp þetta var kynnt stjórninni á fundi 14. des. s. l. og er umsögn nú látin í té í samráði við for-  
mann stjórnar, hr. Braga Hannesson.

Í stuttu máli telur Iðntæknistofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið. Rétt er hins vegar að láta þess getið, að það er skilningur vor, að 91 m.kr. af jöfnunargjaldi komi óskipt í hlut stofnunarinnar til skilgreindra iðnþróunar-  
verkefna, sem Iðntæknistofnun gerir tillögur um til iðnaðarráðuneytisins.

f. h. Iðntæknistofnunar Íslands.

Sveinn Björnsson, forstjóri.